

B 330/præsidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
**ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar
2021**

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar,

- að Norræni menningarsjóðurinn hljóti til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun 750.000 DKK til verkefna sem eiga að milda höggið af völdum COVID-19 á menningarsviði. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn sem m.a. er ætlað að mæta afleiðingum COVID-19;
- að Orkester Norden hljóti til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun 50.000 DKK. Féð verði sótt í fjárlagalið 4-2208 Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K;
- að Norræna bókmenntavikan hljóti 250.000 DKK. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn;
- að menningarstyrkjaáætlun Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi, NAPA, hljóti 350.000 DKK til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun. Féð verði sótt í fjárlagalið 4-2208 Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K;
- að forvarnir gegn sjálfsvígum verði áfram í forgrunni hjá norræna vinnuhópnum um geðheilsu og sérstaklega verði hugað að forvörnum gegn sjálfsvígum við undirbúning á leiðtogafundi um geðlækningar sem haldinn verður á formennskuári Finnlands 2021;
- að félagsmálasvið leggi áfram áherslu á aðgerðir sem geta átt þátt í að fyrirbyggja sýklalyfjaónæmi, m.a. innan ramma aðgerða tengdum COVID-19 sem fagsviðið mun vinna með á árinu 2021;
- að félagsmálasvið leggi áfram áherslu á geðheilsu í yfirliti sem verið er að vinna á vegum sænska formennskuverkefnisins VOPS (um fjarheilbrigðisþjónustu). Á árinu 2021 verði verkefni um fjarheilbrigðisþjónustu 2.0 ýtt úr vör í þeim tilgangi að styðja innleiðingu stafrænna lausna í hjúkrun og umönnun. Verkefnið er þverlægt og er unnið innan ramma framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnarinnar;
- að auk fjárveitingar úr fjárhagsáætlun verði 500.000 DKK veittar til stuðnings norrænu tungumálasamstarfi undir fjárlagalið 2-2544 Norrænt tungumálasamstarf. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn (250.000 DKK) og í fjárlagalið 2-



2506 Stefnunmarkandi norrænt menntamálasamstarf undir lið ráðherra- nefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U (250.000 DKK);

- að varðandi samstarf um samgöngumál verði ráðherranefnd um samgöngumál, MR-Transport, ekki sett á laggirnar að svo stöddu. Málið var rætt nú síðast á fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna í september 2020 þar sem niðurstaðan var sú að löndin væru ekki sammála að svo stöddu. Þetta útilokar þó ekki samstarf á öðrum stjórnsýslustigum og í framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030 er töluverðri upphæð ráðstafað til vinnu með grænar samgöngur;
- að 1,0 millj. DKK verði eyrnamerkt til fjármögnunar kennslugáttarinnar „Norden i Skolen“ undir fjárlagalið 1-0410 „Starfsstyrkur til Sambands norrænu félaganna“.

Bakgrunnur

Nýlunda í fjárhagsáætlunarferli ráðherranefndarinnar í samanburði við fyrri ár er í fyrsta lagi sú að unnið er að fjárhagsáætlun til fjögurra ára í senn, það er fjárhagsáætlun ársins 2021 og væntanlegum fjárhagsramma árána 2022-2024. Í öðru lagi bætist við liður í fjárhagsáætlunarferlinu sem lútir að áhrifum Norðurlandaráðs á gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Venjulega gefst Norðurlandaráði tvisvar kostur á að tjá sig um gerð fjárhagsáætlunar. Í fyrra skiptið með því að leggja fram almennar áherslur á fundi með samstarfsráðherrunum í október í tengslum við þingið og aftur á fundi með formanni samstarfsráðherranna í janúar. Markmiðið er að hafa áhrif á almenna ramma fjárhagsáætlunarinnar sem samstarfsráðherrarnir taka yfirleitt ákvörðun um í febrúar.

Í seinna skiptið leggur ráðið fram tillögur að breytingum á tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun. Að því loknu semja forseti og varaforseti ráðsins ásamt formanni samstarfsráðherranna um breytingartillögur ráðsins á fundi í aðdraganda þingsins. Á þinginu hefur ráðið samþykkt tilmæli sem beint er til ráðherranefndarinnar með fyrirnefndum breytingartillögum að tillögu að fjárhagsáætlun.

Í ár bætist nýr liður við en það er þegar Norðurlandaráð kemur í desember með hugmyndir að framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar 2030, svipað og þegar ráðið leggur fram almennar áherslur á venjulegu ári, en munurinn er sá að ráðherranefndin er búin að fjalla lengur um hugmyndir ráðsins en í tengslum við ramma fjárhagsáætlunar á venjulegu ári. Hugmyndir Norðurlandaráðs hafa verið til afgreiðslu hjá ráðherranefndinni, m.a. í sambandi við 4x40 milljóna sjóðinn til fjármögnunar á þverlægum aðgerðum á fjögurra ára tímabili 2021-2024 í þeim tilgangi að koma framkvæmdaáætluninni í verk. Þetta hefur gert að verkum að fjárhagsáætlunarferlið á þessu ári hefur verið margslungið og óskýrt.

Hugmyndir Norðurlandaráðs þann 16. desember 2019 að framkvæmdaáætlun voru sem hér segir:



- Stofnun ráðherranefndar um samgöngumál,
- Löggjafarsamstarf,
- Sameiginlegar lausnir um rafvæðingu og hleðslustöðvar við norræna vegi og hafnir,
- Samræming og aðlögun rafrænna lausna í opinberri þjónustu og fyrir einka- aðila/viðskipti á Norðurlöndum,
- Koma á fót varanlegu samstarfi yfir landamæri um hagtölur,
- Örugg, sjálfbær og lýðræðisleg samfélög,
- Upplýsingaóreiða og lýðræði,
- Jafnréttismál,
- Menningarmál og sjálfbær þróun,
- Tungumálakunnátta.

Norðurlandaráð fylgdi hugmyndum ráðsins eftir í bréfi til formanns samstarfsráðherranna dags. 27. maí 2020 en þær voru sem hér segir:

- Ráðherranefnd um samgöngumál,
- Samfélagsöryggi,
- Lýðræði og upplýsingaóreiða,
- Stjórnsýsluhindranir,
- Löggjafarsamstarfið,
- Menntun og menningarmál/ norrænn tungumálaskilningur.

Athugasemdir Norðurlandaráðs á fundi með formanni samstarfsráðherranna 18. júní vörðuðu m.a.:

- Samfélagsöryggi og viðbúnað,
- Ráðherranefnd um samgöngumál,
- Stjórnsýsluhindranir,
- Niðurskurð á menningarlíf,
- Niðurskurð á afhendingu verðlauna Norðurlandaráðs,
- Niðurskurð á Norræna menningarsjóðinn,
- Tungumálakunnátta.
- Æðri menntun,
- Löggjafarsamstarf,
- Þörf á að samstarfsráðherrarnir séu fyrirbyggjandi við samhæfingu vegna kórónuveirunnar,
- Þörf á að læra af því sem gerst hefur vegna kórónuveirunnar,
- Vonbrigði yfir því að hugmyndir Norðurlandaráðs séu svo ósýnilegar í framkvæmdaáætluninni og að það sé óásættanlegt.

Norðurlandaráð lagði fram sjónarmið sín á fundi með formanni samstarfsráðherranna 3. september varðandi:

- Samfélagsöryggi,



- Ráðherranefnd um samgöngumál,
- Aðlögun framkvæmdaáætlunar og fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherra- nefndarinnar á þann veg að fjögurra ára ramma verði breytt í tveggja ára kórónafjárlög með sérstakri áherslu á viðreisn og enduruppbyggingu samfélaga okkar og að sá ferða- og fundakostnaður sem sparast hefur vegna kórónafaraldursins verði nýttur til að vega upp fyrirhugaðan niðurskurð á sviði menningar, menntunar og rannsókna.

Sjónarmið nefndarinnar

Forsætisnefndin lítur á menningarsamskipti sem eina grunnstoð norrænnar samvinnu, en án virkrar menningarstefnum reynist okkur erfitt að ná markmiðinu að verða samþættasta svæði í heimi árið 2030. Menningargeirinn á Norðurlöndum hefur orðið illa fyrir barðinu á kórónukreppunnar en það eykur enn frekar mikilvægi þess að viðhalda gæðum og metnaði Norræna menningarsjóðsins. Þá eru áherslur sjóðsins á sjálfbærni, nýsköpun, ungt fólk og hnattrænar áskoranir í fullu samræmi við þá framtíðarsýn sem forsætisráðherrarnir hafa komið sér saman um. Hætt er við því að enn frekari niðurskurður á sjóðnum sem býr nú þegar við krappan kost muni ríða starfseminni endanlega að fullu, á tímum þegar þörfin er meiri en venjulega. Að milda höggið af niðurskurði til menningarsjóðsins felur í sér beinan stuðning við norrænt menningarlíf sem orðið hefur illa fyrir barðinu á afleiðingum kórónukreppunnar. Í tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun er lagt til að beita 4% niðurskurði árlega á Norræna menningarsjóðinn til fjögurra ára frá og með árinu 2021 og til fjögurra ára. Á árinu 2019 veitti sjóðinn styrki sem námu samtals 30 milljónum DKK. Hver króna úr Norræna menningarsjóðnum laðar fram 3-4 krónur til viðbótar frá öðrum aðilum til norrænnar samvinnu. 16% niðurskurður á fjögurra ára tímabili myndi þýða að samtals um 6 milljónir DKK hyrfu úr Norræna menningarsjóðnum.

Forsætisnefndin telur að Orkester Norden veiti ungu tónlistarfólki einstakt tækifæri til að mennta sig í að leika í hljómsveit og til að skapa norræn samstarfsnet atvinnu- fólks með því að leika í stórum sinfóníuhljómsveitum, fara í tónleikaferðalög og vinna saman yfir landamæri. Ungt fólk og jöfnuður eru meðal áherslumála ráðherra- nefndarinnar. Báðir þessir þættir eru í fyrirrúmi í starfsemi Orkester Norden. Þá stefnir hljómsveitin að kolefnishlutleysi til þess að framfylgja markmiðunum um sjálfbæra þróun. Forsætisnefndin telur að Orkester Norden hafi alla burði til að verða sýnileg og græn – og ekki síst að vera fulltrúi Norðurlandanna við ýmis tækifæri innan Norðurlanda, erlendis og um heim allan, einnig í framtíðinni, ef fjárveitingunni verður haldið áfram. Til lengri tíma litið leggur forsætisnefndin til nýtt – og stöðugra – fjármögnunarfyrirkomulag verði tekið upp fyrir Orkester Norden, á vegum ráðherra- nefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U, enda er um að ræða menntun ungs fólks.

Forsætisnefndin telur að Norræna bókmenntavikan sé leið til að vekja áhuga almennings á norrænum bókmenntum og bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Þá er um að ræða samstarf sem höfðar einkum, en ekki eingöngu, til barna og ungmenna. Norðurlandaráð hefur ætíð lagt áherslu á almenning auk þess sem börn



og unglingar skipa sérstakan sess í starfi ráðherranefndarinnar. Þá eru bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs þekktust og virtust norrænu verðlaunanna og því er sérlega mikilvægt að kynna þau. Bókmenntavikan er ein leið til þess. Forsætisnefndin telur að þróa eigi Bókmenntavikuna enn frekar svo hún nái út til breiðari hóps – í stað þess að beita niðurskurði að einhverju eða öllu leyti. Norrænu bókmenntavikuna mætti teygja víðar en til Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, og Norðvestur-Rússlands) þannig að hún rati til fleiri landa og svæða. Bókmenntavika gæti verið hluti af vörumerki Norðurlandanna og þáttur í norrænum hátíðum í umræddum löndum.

Norrænar bókmenntir – rétt eins og norræn tónlist, sjónlist og menning almennt – eru einstakar í sinni röð. Allar þessar listgreinar miðla norrænni hugsun, gildum og hverdagslífi sem njóta virðingar um allan heim.

Forsætisnefndin gerir athugasemdir við fyrirhugaðan 17% niðurskurð á stofnunina á Grænlandi. Er þá miðað við mikilvægi norrænu menningarhúsanna eða „stofnunarinnar“ fyrir almenning og menningarlíf á staðnum og þekkingu um Norðurlönd. Umræddar stofnanir geta einnig tekið þátt í að framkvæma ný þverfagleg „verkefni framtíðarsýnarinnar“. Forsætisnefndin lítur svo á að norrænu menningarstofnanirnar séu mikilvægar fyrir stefnumótun og framkvæmd norrænnar samvinnu almennt – ekki einungis í menningarmálum. Því ættu þær að vera á borði samstarfsráðherranna, MR-SAM – og vera fjármagnaðar eftir þeirri leið. Forsætisnefndin leggur til að kannað verði hvort nýta megi ferða- og fundakostnað sem sparast hefur á tímum kórónufaraldursins til þess að vega upp ráðgerðan niðurskurð á menningar-, mennta- og rannsóknasviði.

Norræna velferðarnefndin hefur lagt sérstaka áherslu á tillögu nefndarinnar um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir að kórónufaraldurinn muni leiða til aukinna sjálfsvíga og almennt lélegri geðheilsu alls staðar á Norðurlöndum. Forsætisnefndin tekur undir með nefndinni og hvetur til þess að Norræna ráðherranefndin setji í forgang að halda ráðstefnu um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum á árinu 2021. Ráðstefna af þessu tagi á sviði geðlækninga væri einnig í anda skýrslu Bos Könbergs um að eflt samstarf Norðurlandanna í heilbrigðismálum.

Sýklalyfjanotkun er mjög mismunandi háttáð en hún er lág á Norðurlöndum í samanburði við önnur Evrópulönd. Forsætisnefndin telur góð rök fyrir áherslu velferðarnefndarinnar á sameiginlegar aðgerðir Norðurlandanna gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi og vísar þá í yfirstandandi heimsfaraldur en í löndum þar sem mikið er um sýklalyfjaónæmi er dánartíðni hærrí meðal þeirra sem sýkjast af COVID-19 veirunni. Vinna Norðurlandanna að One Health-heildarhugsun hefur öðlast aukið vægi í ljósi kórónukreppunnar. Því óskar forsætisnefndin eftir því að vinnan með sýklalyfjaónæmi verði áfram í forgangi.

Fjarlægðir geta verið miklar á Norðurlöndunum. Löndin bjóða einnig upp á mikla möguleika á stafrænum lausnum. Þetta kemur fram í forgangsröðun Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem starfssvið ráðherranefndarinnar um stafræn umskipti, MR-DIGITAL, eykst stöðugt. Fjarheilbrigðisþjónustu hefur öðlast alveg nýtt vægi



vegna kórónukreppunnar. Forsætisnefndin leggur til að fjarheilbrigðisþjónustu (með áherslu á geðræna kvilla) verði í forgangi í starfi ráðherranefndarinnar um stafræn umskipti, MR-DIGITAL og ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál, MR-S.

Í tillögu að fjárhagsáætlun er lagt til að beita 28% niðurskurði á norrænt tungumálasamstarf. Hugmyndin hefur verið sú að áhersla Nordplus-áætlunarinnar á tungumál eigi að vega upp niðurskurð á fjárlagaliðnum Norrænt tungumálasamstarf. Forsætisnefndin er efins um að Nordplus geti vegið upp þann niðurskurð. Forsætisnefndin leggur því til að dregið verði úr niðurskurði á fjárveitingu til norræns tungumálasamstarfs.

Einróma Norðurlandaráð beindi tilmælum 6/2018 til norrænu ríkisstjórnanna um að endurreisa ráðherranefnd um samgöngumál. Samgöngugeirinn gegnir lykilhlutverki í loftslagsmarkmiðum Norðurlandanna enda valda samgöngur verulegum hluta af losun gróðurhúsalofttegunda. Þótt ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt og orkumál hafði verið eflað til muna og lagt hafi verið til að efla þverlægt samstarf um samgöngumál með aukinni aðkomu samgönguráðherranna telur forsætisnefnd að með tíð og tíma verði brýnt að stofna ráðherranefnd um sjálfbærar samgöngur.

Í fjárhagsáætlun síðasta árs var kennslugáttinni Norden i Skolen tryggð fjármögnun til reksturs, þróunar og markaðssetningar (tilmæli 8/ 2019). Forsætisnefnd telur að kennslugáttin sé mikilvægur aðili að tungumálasamstarfinu á Norðurlöndum. Rúmlega 20 þúsund kennarar eru skráðir hjá gáttinni en það er um 3.500 aukning frá fyrra ári. Talið er að gáttinn nái til 420 þúsund barna og unglinga ef reiknað er með 21 nemanda á hvern kennara. Rúmlega 300 kennarar á Norðurlöndum nota gáttina daglega en það mun samsvara um 6.300 nemendur á dag. Rúmlega 150 sinnum á dag er horft að norræna stuttmynd á Norden i Skolen, eða alls 33.381 sinnum á ári.

Að lokum vill forsætisnefndin undirstrika það sjónarmið sem Norðurlandaráð bar fram á fundi með formanni samstarfsráðherranna 3. september, að aðlagða þurfi framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á þann veg að fjögurra ára ramma verði breytt í tveggja ára kórónafjárhagsáætlun með sérstakri áherslu á viðreisn og enduruppbyggingu samfélaga landanna og að sá ferða- og fundakostnaður sem sparast hefur vegna kórónafaraldursins skuli nýttur til að vega upp fyrirhugaðan niðurskurð á sviði menningar, menntunar og rannsókna.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Bertel Haarder (V)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Hans Wallmark (M)
Heidi Greni (Sp)

Linda Modig (C)
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)
Wille Rydman (saml)

